



Álagning fasteignagjalda 2026

Skaftárhreppur hefur lokið upphafsálagningu vegna ársins 2026.

Álagningaseðlar verða ekki sendir út til fasteignaeigenda. Hægt er að nálgast álagningarseðla á mínar síður / pósthólf á netsíðunni www.island.is. Innskráning er með rafrænum skilríkjum eða íslykli.

Allar nánari upplýsingar um álagningareglur Skaftárhrepps má finna á heimasíðu sveitarfélagsins klaustur.is. Eldri borgurum og öryrkjum með lögheimili í Skaftárhreppi er sérstaklega bent á að skoða sinn rétt varðandi afslátt af fasteignagjöldum og bent á að kynna sér samþykkt um tekjuviðmið, sem er um afsláttarreglur og einnig geta þeir sem þess óska haft samband við skrifstofu Skaftárhrepps og fengið senda álagningarseðla á pappírsmáli.

Gjald dagar eru 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október. Eindagar fasteignagjalda eru 30 dögum eftir gjalddaga.

Greiðsluseðlar verða eingöngu sendir á heimabanka viðkomandi greiðenda og birtast þar, hægt er að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins og óska eftir að fá greiðsluseðla á pappírsmáli.

Ef greiðendur telja álagninguna ekki rétta er hægt að fara fram á endurálagningu með rökstuddum hætti. Skrifleg beiðni þar um skal berast skrifstofu Skaftárhrepps eigi síðar en mánuði eftir álagningu gjaldanna.

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM ÁLAGNINGUNA

Eygló Kristjánsdóttir

✉ eyglo@klaustur.is

☎ 487 4840

Sveitarstjóri